



Fréttabréf Brekkuskóla

21. ágúst 2014
1. tbl. skólaárið 2014 - 2015
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Við hefjum skólaárið með samtölum við nemendur og foreldra að venju. Í skólastarfinu leitumst við að vera lærdómssamfélag þar sem við lærum hvert af öðru. Nú þegar hefur starfsfólkið sest á skólabekk og lært meira um Uppbyggingastefnuna. Judy Anderson kom til okkar og fór yfir ýmsa þætti stefnunnar og skerpti meðal annars á sýn okkar á því hvernig agastjórnunarstefna getur virkað á uppbyggilegan hátt bæði fyrir einstaklinga og hópa.

Hausdagana stefnum við á að nýta til að vera dálítið útivið svo sem í íþróttatímum og á útivistardaginn 2. september. Mikilvægt er að nemendur komi, eins og alltaf, klæddir eftir veðri.

Margir vinir hafa ekki sést síðan í vor og því eru fagnaðarfundir hjá þeim nú í upphafi skólaársins. Fjöldi nemenda er 480 sem skiptist nær alveg jafnt á milli kynja. Starfsmenn skólans eru 71.

Fyrirhugaðir eru kynningarfundir fyrir foreldra í september og einnig foreldranámskeið sem hafa verið sett upp í þremur árgöngum 1., 5. og 8. árgangi. Nánari kynning mun berast foreldrum í netpósti í næstu viku.

Helstu áherslur á komandi skólaári er að vinna áfram með innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og gera umbætur á skólanámskrá. Sjónum verður beint sérstaklega að "Læsi" í vetur og viðmið um árangur og gæði skólastarfsins verða einnig ofarlega á listanum. Sjónum verður áfram beint að jákvæðum gildum og nú í upphafi skólaársins höfum við valið að vinna með gildið TRAUST.

Fjórir nýir starfsmenn eru hjá okkur þetta haustið.

Þeir eru: **Jónasína Lilja Jónsdóttir** umsjónarkennari í 1. bekk, **Þuríður Margrét Thorlacius** umsjónarkennari í 2. bekk, **Hólmfríður Björk Pétursdóttir** umsjónarkennari í 3. bekk og **Sigríður Hulda Arnardóttir** tónmenntakennari.

Við bjóðum nýliðana velkomna til starfa í Brekkuskóla sem og alla nýja nemendur og foreldra þeirra.

Með kveðju úr skólanum!
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Gildi ágúst- og september

TRAUST

Hafragrautur alla morgna

Boðið er upp á hafragraut í matsal Brekkuskóla alla skóladaga kl. 07:45 - 08:00 og í frímínútum hjá 8.-10. bekk kl. 09:20-10:00.

Fjöldi nemenda

1. bekkur - 50 nemandi
2. bekkur - 48 nemendur
3. bekkur - 52 nemandi
4. bekkur - 50 nemendur
5. bekkur - 51 nemendur
6. bekkur - 53 nemendur
7. bekkur - 38 nemendur
8. bekkur - 45 nemendur
9. bekkur - 53 nemendur
10. bekkur - 40 nemendur

Alls 480 nemendur



Stillingar fyrir aðstandendur

Nú geta aðstandendur stýrt því hvaða upplýsingar aðrir foreldrar í bekkjum barnanna sjá um þá í Mentor s.s. heimilisfang, netfang og síma.

Án breytinga eru upplýsingar um foreldra sýnilegar.

Mögulegt að horfa á stutt myndband undir slóðinni:
<http://mentor.is/Frettir/Frettir/>

Brekkuskóli

v/Skólástíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill - ágúst og september 2014

24. ág.	25. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	26. Lasagne, brauð, salat og ávextir	27. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	28. Pizza, salat og ávextir	29. Grjónagrautur, slátur, salat og ávextir	30.
31.	1. sept. Hakk og spaghettí, salat og ávextir Kynningarfundur fyrir foreldra í 4. bekk kl. 08:00	2. Fiskibollur, kartöflur, heit sósa, salat og ávextir Útivistardagur	3. Grisasnitsel, kartöflur, rauðkál, baunir, salat og ávextir Kynningarfundur fyrir foreldra í 2. og 3. bekk kl. 08:00	4. Fiskréttur í ofni, hrisgrjón, salat og ávextir Kynningarfundur fyrir foreldra í 9. og 10. bekk kl. 08:00	5. Blómkálssúpa, brauð, álegg, salat og ávextir Kynningarfundur fyrir foreldra í 6. og 7. bekk kl. 08:00	6.
7.	8. Soðinn fiskur, kartöflur, salat og ávextir Dagur læsis Foreldranámskeið fyrir foreldra í 1. bekk Sjá nánar á bls. 3	9. Buff, kartöflustappa, grænmeti og ávextir Foreldranámskeið fyrir foreldra í 5. bekk Sjá nánar á bls. 3	10. Bakaður fiskur, hrisgrjón, sósa, salat og ávextir Foreldranámskeið fyrir foreldra í 8. bekk Sjá nánar á bls. 3	11. Kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	12. Skyr, brauð, álegg, salat og ávextir	13.
14.	15. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Foreldranámskeið fyrir foreldra í 8. bekk Sjá nánar á bls. 3	16. Hakkbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Foreldranámskeið fyrir foreldra í 1. bekk Sjá nánar á bls. 3	17. Soðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Foreldranámskeið fyrir foreldra í 5. bekk Sjá nánar á bls. 3	18. Lambapottréttur, kartöflur,/hrisgrjón, salat og ávextir	19. Pastaréttur, brauð, salat og ávextir	20.
21.	22. Soðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	23. Heitt slátur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	24. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	25. Pasta, grænmeti, heit sósa, salat og ávextir	26. Grjónagrautur, slátur og ávextir	27.
28.	29. Kjöthleifur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	30. Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	1. okt.	2.	3.	4.



Verkefninu **Göngum í skólann** verður hleypt af stokkunum í áttunda sinn miðvikudaginn 10. september næstkomandi og lýkur svo formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 8. október.

Markmið verkefnisins eru að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Brekkuskóli er þátttakandi í verkefninu.

Nánari upplýsingar um verkefnið er finna á www.gongumiskolann.is

Íþróttakennarar Brekkuskóla

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðurkenning skólanefndar

Fimmtudaginn 13. maí 2014 boðaði skólanefnd Akureyrarbæjar til samkomu í Menningarhúsinu Hofi þar sem veittar voru ýmsar viðurkenningar. **Egill Andrason nemandi** í 7. bekk Brekkuskóla hlaut viðurkenningu fyrir að leitast alltaf við að gera sitt besta og að vera jákvæð fyrirmynd. Þetta var í fimmta sinn sem skólanefnd stendur fyrir samkomu sem þessari, en hún er í samræmi við áherslur í skólastefnu bæjarins. skólaþróunar HA fór yfir allar tilnefningar og gerði tillögu til skólanefndar.



Skólaakstur - Innbær

Í skóla:

07:35 Hafnarstræti / Keiluhöll
07:36 Aðalstræti / Brynja
07:38 Aðalstræti / Duggufjara
07:41 Aðalstræti / Minjasafn (SVA)

Aðalstræti / Naustafjara
07:50 Laugargata Brekkuskóli

Úr skóla:

13:30 frá Laugargötu Brekkuskóla



Kynning á skólastarfinu og samstarf foreldra

Nú á haustdögum eru fyrirhugaðir **kynningarfundir fyrir foreldra í 2., 3., 4., 6., 7., 9. og 10. bekk**. Þeir verða haldnir sem hér segir:

2. og 3. bekkur miðvikudaginn 3. sept. kl. 08:00 f.h.
4. bekkur - mánudaginn 1. sept. kl. 08:00 f.h.
9. - 10. bekkur - fimmtudaginn 4. sept. kl. 08:00 f.h.
6. - 7. bekkur - föstudaginn 5. sept. kl. 08:00 f.h.

Stjórn forldrafélagsins hvetur foreldra til að skipuleggja foreldrastarfið í vetur og nýta sér foreldramöppu sem er í umsjón foreldrafulltrúa árganganna.

Morgunmóttökur verða á vorönn. Morgunmóttökur eru óformlegar móttökur í skólanum þar sem foreldrar/forráðamenn eru sérstaklega boðin velkomin. Þá kynna nemendur meðal annars það sem þau eru búin að vinna með í “uppbyggingu sjálfsaga” í skólanum.

Foreldranámskeið 1 - 5 - 8

Foreldranámskeiðin sem við köllum “1 - 5 - 8” verða haldin sem hér segir:

1. bekkur - 8. sept. kl. 16:30 - 18:30 og 16. sept. kl. 16:30 - 17:30
5. bekkur - 9. sept. kl. 16:30 - 18:30 og 17. sept. kl. 16:30 - 17:30
8. bekkur - 10. sept. kl. 16:30 - 18:30 og 15. sept. kl. 16:30 - 17:30

Í fyrra skiptið verður boðið upp á súpu og brauð í matsal eftir námskeiðið.

Þessi námskeið eru ætluð foreldrum í 1., 5. og 8. bekk. **Foreldrar þessara árganga fá senda dagskrá og fundarboð í netpósti þegar nær dregur.**



Frá hópumræðum á foreldranámskeiði 1- 5 - 8 um hlutverk starfsmanna skóla og hlutverk foreldra haustið 2013.